

## 128. fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilsins Klausturhóla 25.6.20 kl.15:00.

Mættir: Sveinn Hreiðar Jensson, Auðbjörg Bjarnadóttir, Elín Heiða Valsdóttir, Matthildur Pálsdóttir, Anna María Ólafsdóttir, Jóna Margrét Sigmarsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir og Fanney Ásgeirsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar:

### 1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra

Vistunarmál og mönnun í góðum farvegi. Ýmis viðhaldsverkefni innanhúss hafa dregist vegna covid en það horfir til betri vegar. Ákveðnar áhyggjur af stöðu í húsinu ef rafmagn fer. Huga þarf að því að skoða kaup á rafstöð fyrir Klausturhóla. Fyrsti áfangi væri að fá rafvirkja til að meta þörf á varaafgjöfum, við t.d. súrefnistæki. Hjúkrunarforstjóri tekur það að sér. Covid faraldurinn hafði í för með sér allmiklar breytingar á daglegu lífi inni á hjúkrunarheimilinu. Ómetanlegt var að aðilar í samfélaginu lögðu hönd á plóg. Þannig komu stjórnendur á Hótel Klaustri færandi hendi með sjónvörp, matarvagna og fleira sem auðveldaði heimilismönnum einangrunina mjög mikið. Einnig hélt Velunnarasjóðurinn utan um söfnun fyrir spjaldtölvum, heyrnartólum og hátölurum, sem hann færði svo heimilinu. Rekstrarnefndin vill koma á framfæri innilegu þakklæti fyrir aðstoð og velvilja – og sömuleiðis til starfsfólks Klausturhóla fyrir frábært starf í krefjandi og óvenjulegum aðstæðum.

### 2. Ársreikningur Klausturhóla vegna 2019

Ársreikningur yfirfarinn, rekstrarniðurstaða ársins er neikvæð upp á 2,4 milljónir, sem skýrist einkum af talsverðum viðhaldsframkvæmdum á árinu. Einnig fékk hjúkrunarheimilið ekki styrk vegna húsaleigu frá Skaftárhreppi árið 2019 eins og undanfarin ár. Rekstrarnefnd þakkar hjúkrunarforstjóra og starfsfólki fyrir ábyrgð og aðgætni í störfum og skipulagi. Rekstrarnefnd gerir ekki athugasemdir við ársreikninginn og vísar honum til sveitarstjórnar til samþykktar.

### 3. Staða vegna COVID-19

Hjúkrunarforstjóri vinnur að því að svara fyrirspurn frá Sjúkratrygginum Íslands um meint tekjutap hjúkrunarheimila vegna Covid-19.

### 4. Starfsmannamál

Mönnun er í góðum farvegi, húsnæðismál í lagi og lítur ágætlega út fyrir næsta misserið.

### 5. Viðhaldspörf

Nauðsynlegt að skipta um gluggann á vaktinni sem allra fyrst. Leita þarf tilboða í endurnýjun á brunakerfi í húsinu.

### 6. Önnur mál

Stj.  
E.H.V.  
Junc  
ABB  
B. P. D.  
P.A.

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 17:20

Steingr Jónsson

Elin Hada Valsdóttir

Jóni Eyr

Þórunn Þ. Þjarnadóttir

Anna M. Ólafsdóttir

Fanney R. Sveinsson